



Skólareglur Tónskólans Mýrdalshrepps

- Nemendum ber að sýna kennurum, samnemendum og starfsfólki tónskólans kurteisi og virðingu.
- Nemendum ber að mæta stundvíslega, vel undirbúnir og með öll námsgögn í kennslustund.
- Ef nemandi forfallast ber að tilkynna það í skólann eða viðkomandi kennara vita eins fljótt og kostur er.
- Ef nemandi mætir ekki í eina kennslustund án tilkynningar, skal kennari hafa samband við foreldra eða forráðamenn og skólastjóra. Mæti nemandi ekki í þrjár kennslustundir án tilkynningar er nemandi, foreldri/forráðamaður og kennari boðaðir á fund með skólastjóra.
- Nemendur eru hvattir til að taka þátt í tonleikum, tónfundum og viðburðum, og að fylgja þeim siðareglum á tónleikum sem skólinn hefur að leiðarljósi.
- Þegar kennari veikist fellur kennsla hjá honum niður, en ef veikindi eru lengur en í tvær vikur ber skólanum að útvega forfallakennara sé þess kostur.
- Tónskólinn reynir eftir bestu getu að bæta nemendum upp tíma sem falla niður vegna ófærðar.
- Nemandi/forráðamenn bera ábyrgð á að nemandi mæti stundvíslega.

- Kennari bæta ekki nemendum upp tónlistartíma ef nemandi fer í frí, fær leyfi eða nemandi veikist.
- Skemmdir á eignum skólans (húsnæði, hljóðfærum) geta varðað brottrekstri.
- Nemendum ber að ganga vel um skólann og hengja upp útifatnað og fara úr skóm.
- Nemendur mega ekki hafa hávaða á göngum tónskólans á meðan þeir biða eftir kennslustund.
- Útlegð hljóðfæri eru á ábyrgð nemanda/ forráðamanna. Verði hljóðfæri fyrir tjóni bera nemandi/ forráðamenn kostnað af viðgerð eða endurnýjun. Ef hljóðfæri er ekki skilað fyrir lok leigutíma telst það sem að nemandi hafi týnt hljóðfæri og er þá skylt að greiða það að fullu.
- Heimilt er að vísa nemanda frá námi, ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu.
- Nemendum er heimilt að skipta á milli námsgreina við næsta skólaár, en alls ekki á miðju skólaári.
- Skólagjald er fyrir heilt skólaár og er greitt með tveimur greiðslum, í september og október. Ef óskað er að greiða í þremur greiðslum þarf að senda tölvupóst á skólastjóra.
- Athugið að uppsagnarfrestur á námsplássi sem byrjað er að nýta er **3 mánuðir**. Hafið samband við skrifstofu og/eða skólastjóra ef nemandi óskar eftir að hætta námi við skólann. Hægt er að senda tölvupóst á tonskoli@vik.is.